



# Meistaramót GM

## Reglur og framkvæmd

### 1. gr - Almennt

Golfklúbbur Mosfellsbæjar stendur fyrir Meistaramóti GM. Meistaramótið fer fram í byrjun júlí ár hvert og þátttökurétt hafa þeir félagsmenn í GM sem gengið hafa frá greiðslu félagsgjalds.

### 2. gr – Flokkaskipting og skipulag

Meistaramót GM er leikið í eftirfarandi flokkum og með eftirfarandi leikfyrirkomulagi. Mótsstjórn getur heimilað kylfingum að leika einn flokk upp fyrir sig óski þeir þess. Forgjöf miðast við lokadag skráningar.

#### Karlaflokkar

Flokkur	Teigar	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur (4.4 og lægra í forgjöf)	Hvítir	72 holur	Höggleikur
1. flokkur (4.5 – 9.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Höggleikur
2. flokkur (9.5 – 14.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Höggleikur
3. flokkur (14.5 – 20.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Höggleikur
4. flokkur (20.5 – 24.4 í forgjöf)	Gulir	72 holur	Höggleikur*
5. flokkur (24.5 – 54 í forgjöf)	Gulir	54 holur	Höggleikur*
Öldungaflokkur 50+	Gulir	72 holur	Högg/Högg. m/forgjöf
Öldungaflokkur 65+	Rauðir	54 holur	Högg/Högg. m/forgjöf*

\*Höggleikur með hámarkshöggafjölda 9 högg á holu

#### Kvennaflokkar

Flokkur	Teigar	Holur	Fyrirkomulag
Meistaraflokkur (8.5 í forgjöf og lægra)	Bláir	72 holur	Höggleikur
1. flokkur (8.6-15.5 í forgjöf)	Rauðir	72 holur	Höggleikur
2. flokkur (15.6-22.5 í forgjöf)	Rauðir	72 holur	Höggleikur
3. flokkur (22.6-33.9 í forgjöf)	Rauðir	72 holur	Höggleikur*
4. flokkur (34.0-54)	Rauðir	54 holur	Höggleikur*
Öldungaflokkur 50+	Rauðir	72 holur	Högg/Högg. m/forgjöf
Öldungaflokkur 65+	Rauðir	54 holur	Högg/Högg. m/forgjöf*

\*Höggleikur með hámarkshöggafjölda 9 högg á holu

#### Barna og unglingsflokkar

Flokkur	Teigar	Holur	Fyrirkomulag
10 ára og yngri	Rauðir	18 (2*9)	Höggleikur*
11-12 ára	Rauðir	36 (2*18)	Höggleikur*
13-14 ára drengir	Bláir	54 (3*18)	Höggleikur
13-14 ára stúlkur	Rauðir	54 (3*18)	Höggleikur
15-16 ára drengir	Gulir	54 (3*18)	Höggleikur
15-16 ára stúlkur	Bláir	54 (3*18)	Höggleikur
17-18 ára drengir	Hvítir	54 (3*18)	Höggleikur
17-18 ára stúlkur	Bláir	54 (3*18)	Höggleikur

\*Höggleikur með hámarkshöggafjölda 9 högg á holu

### **3. gr – Skráning og skráningarfrestur**

Skráning í Meistaramót GM fer fram á [golfbox.golf](http://golfbox.golf). Skráningarfrestur er til klukkan 12:00 síðasta föstudag fyrir mót. Mótsstjórn er heimilt að taka við skráningum sem berast eftir að skráningarfrestur er liðinn ef pláss er innan þeirra ráshópa sem floknum hefur verið úthlutað.

### **4. gr – Rástímar**

Rástímaáætlun fyrir mótið í heild sinni er birt með fyrirvara. Rástímaáætlun þessi er síðan uppfærð þegar skráning í mótið lýkur og ætti því að standast að mestu leyti.

Rástímar 1. keppnisdags eru birtir fljótlega eftir að skráningarfrestur rennur út. Rástímar næstu keppnisdaga á eftir eru birtir eftir að allir keppendur sem leika eiga þann daginn hafa lokið leik daginn á undan.

Raðað er handahófskennd í ráshópa á fyrsta keppnisdegi hvers flokks. Að loknum fyrsta hring er ráðað eftir skori, sæti í flokk. Þar sem neðstu sætin fara í fyrsta ráshóp og síðan koll af kalli.

### **5. gr – Bráðabandar & umspil**

Verði skor jöfn um 1. sæti án forgjafar í meistaraflokkum skal leika þriggja holu umspil á 10., 11. og 18. braut til úrslita. Fáist ekki niðurstaða eftir umspil leika keppendur bráðabana. Bráðabandar í öllum flokkum fara fram á 10., 11. og 18. braut í þessari röð þar til úrslit eru fengin. Í öðrum flokkum er leikinn bráðabani.

Mótsstjórn mun auglýsa tímasetningu umspila og bráðabana. Mæti leikmenn ekki á teig þegar umspil eða bráðabanki á að fara fram telst leikurinn tapaður fyrir þá leikmenn.

Verði skor jöfn í forgjafarkeppni ráðast úrslit í skrifstofubrúðabana í samræmi við golfreglur. Verði keppendur jafnir í öðrum verðlaunasætum ráðast úrslit í skrifstofubrúðabana í samræmi við golfreglur.

### **6. gr – Skil á skorkortum**

Skorkortum skal skilað án tafa eftir að hring lýkur. Keppendur eru sjálfir ábyrgir fyrir sínu skori og skulu því tryggja að vel sé farið yfir kortið. Öll skorkort eru rafræn og skulu keppendur klára undirritun þannig.

### **7. gr – Golfbílar & kylfuberar**

Notkun golfbíla og annarra rafknúinna farartækja er heimil í öllum flokkum að undanskildum meistaraflokki karla og meistaraflokki kvenna. Mótsstjórn getur þó heimilað notkun golfbíla í þessum flokkum ef um læknisfræðileg sjónarmið er að ræða.

Kylfuberar eru heimilaðir í öllum flokkum.

### **8. gr – Verðlaunaafhending & lokahóf**

Lokahóf Meistaramóts GM fer fram að kvöldi síðasta keppnisdags, almennt á laugardagskvöldi. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum.

Lokahóf barna og unglunga fer fram á þriðjudagskvöldi. Veitt eru verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum.